

DRÖG 23. NÓVEMBER 2010

Viðtakendur: i. Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta á Íslandi
(„Tryggingarsjóður“), og

ii. Ísland

Sendandi: **Umboðsmenn breska fjármálaráðuneytisins**

Dagsetning: [**] 2010

Ágæti viðtakandi,

Útgreiðslu-, endurgreiðslu- og skaðleysissamningur dags. [**] 2010

Vísað er til útgreiðslu-, endurgreiðslu- og skaðleysissamnings sem dagsettur er [**] 2010 og getið er að framan („*útgreiðslu-, endurgreiðslu- og skaðleysissamningur*“). Hugtök sem skilgreind eru í fylgiskjali I við endurgreiðslu- og skaðleysissamninginn skulu í hliðarsamningi þessum hafa þá merkingu sem þeim er þar gefin.

Tilgangur hliðarsamnings þessa er að staðfesta samkomulag samningsaðila að því er varðar skilgreiningu hugtaksins „*jafnvirðisfjárhæð (í íslenskum krónum)*“ sem sett er fram hér á eftir.

Samningsaðilarnir tilgreina hliðarsamning þennan sem viðkomandi skjal.

Samningsaðilarnir hafa komið sér saman um að hliðarsamningur þessi muni öðlast gildi um leið og útgreiðslu-, endurgreiðslu- og skaðleysissamningurinn.

Að því er varðar skilgreininguna á hugtakinu „*jafnvirðisfjárhæð (í íslenskum krónum)*“ í fylgiskjali I við endurgreiðslu- og skaðleysissamninginn hafa samningsaðilar komið sér saman um að skipti annað hvort a) Ísland, eða b) Breska konungsríkið eða Holland (*land sem fær endurgreiðslu*) um lögeyri þá skuli, í kjölfar slíkrar breytingar:

a) sem leiðir til þess að Ísland og viðkomandi land sem fær endurgreiðslu hafi sameiginlegan lögeyri, jafnvirðisfjárhæð (í íslenskum krónum) fjárhæðar, sem fyrir slíka breytingu hefði verið gefin upp í lögeyri landsins sem fær endurgreiðslu, en sem vegna breytingarinnar er þess í stað tilgreind í sameiginlegum lögeyri, samsvara þeirri fjárhæð sem þannig er tilgreind í sameiginlegum lögeyri, og

b) að öðrum kosti skal jafnvirðisfjárhæð (í íslenskum krónum) sérhverrar fjárhæðar sem tilgreind er í lögeyri viðkomandi lands sem fær endurgreiðslu vera sú fjárhæð umreiknuð í lögeyri Íslands á þann hátt sem lýst er í skilgreiningunni á hugtakinu „*jafnvirðisfjárhæð (í*

íslenskum krónum)“, á grundvelli gengis samkvæmt heimild sem Ísland og umboðsmenn breska fjármálaráðuneytisins koma sér saman um, á sanngjarnan hátt, að miða við, eða, komist Ísland og umboðsmenn breska fjármálaráðuneytisins ekki að samkomulagi um slíkt gengi fyrir þann dag sem viðkomandi jafnvirðisfjárhæð (í íslenskum krónum) skal ákvörðuð, þá eftir því sem ákvarðað er með gerðardómi í samræmi við 9. mgr. 10 gr. í útgreiðslu-, endurgreiðslu- og skaðleysissamningnum.

Samningsaðilarnir hafa komið sér saman um að greinar 1.2, 10.4, 10.5 og 10.7–10.11 í endurgreiðslu- og skaðleysissamningnum skuli gilda um hliðarsamning þennan eins og þær væru tíundaðar hér að fullu, *að því tilskildu* að í skilningi hliðarsamnings þessa skuli allar tilvísanir til „samnings þessa“ í þessum greinum teljast vísa til þessa hliðarsamnings.

Vinsamlegast undirritið og sendið hliðarsamning þennan til baka til staðfestingar á samþykki yðar.

Virðingarfyllst,

Umboðsmenn breska fjármálaráðuneytisins

Nafn:

Undirritað til samþykkis þann

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta

Nafn:

Starfsheiti:

Ísland

Nafn:

Starfsheiti:

506170757